


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Lyflæknishjúkrun 303 ( HJÚ 303)</b>	<b>Kennsluáætlun haustönn 2014</b>

<b>Kennari</b>	Inga Björg Ólafsdóttir	<b>IBÓ</b>	inga@vma.is
----------------	------------------------	------------	-------------

### Áfangalýsing:

<b>Áfanga- markmið/ viðfangs- efni:</b>	<p>Í þessum áfanga er lögð áhersla á hjúkrun bráðveikra, langveikra og mikið veikra einstaklinga. Unnið er út frá hugmyndum um lausnarmiðaða aðferð (PBM). Fjallað er um krabbamein, helstu aukaverkanir krabbameinsmeðferðar og viðeigandi hjúkrun, eftirlit og athuganir. Fjallað um hjúkrun, bjargráð og meðferð einstaklinga með langvinna sjúkdóma svo sem lungnasjúkdóma, ónæmis- og ofnæmissjúkdóma, hjartasjúkdóma, þvagfæra- og meltingarsjúkdóma, taugakerfissjúkdóma og sýkingar. Bráðu sjúkdómsástandi í fyrrgreindum kerfum og viðeigandi hjúkrun gerð skil. Áhersla er lögð á mikilvægi viðurkenndrar hjúkrunarskráningar og nákvæms eftirlits í hjúkrunarstörfum. Fjallað er um mikilvægi samskipta skjólstaðinga, aðstandenda og starfsfólks í bataferlinu. Sjúkdómsgreinandi rannsóknir eru kynntar. Smitgátarvinnubrögð eru rifjuð upp og gerð er grein fyrir mismunandi tilgangi einangrunar eftir sjúkdómsástandi. Gerð er grein fyrir mismunandi hugmyndum um aðlögun að missi og hvernig hægt er að hagnýta þær við hjúkrun langveikra. Hjúkrunarkenningar eru notaðar til þess að skýra hugmyndafræðilegan grunn hjúkrunar í áfanganum. Algengustu fatlanir og hugtök þeim tengd eru skilgreind. Fjallað er um menningarbundin viðhorf til heilbrigðis og sjúkdóma og viðbrögð við þeim.</p>
---	---

### Markmið:


#### Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á hjúkrun einstaklinga með bráðan og langvinnan heilsubrest. Að nemandi þekki hugmyndafræði hæfingar og endurhæfingar og geti hagnýtt hana í hjúkrunarstörfum.

**Námsgögn:** Ljósrit : Greinar, glærur, heimaverkefni og tímaverkefni.

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)
34 - 37	<b>Lota 1.</b> Hjartasjúkdómar.
38 - 40	Nemendur í verklegu námi (15.sept. – 3. okt.).
41- 43	<b>Lota 2.</b> Lungnasjúkdómar, meltingarfærasjúkdómar, ofnæmi, innkirtlasjúkdómar, þvagfærasjúkdómar og taugakerfissjúkdómar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Lyflæknishjúkrun 303 ( HJÚ 303)</b>	<b>Kennsluáætlun haustönn 2014</b>

44 -46	<b>Lota 3.</b> Krabbamein, geislar, frumeyðandi lyf aukaverkanir, sýkingar, smitgát, einangrun, ónæmisbæling.
47- 48	<b>Lota 4.</b> Langvinnir verkir, aðlögunarleiðir, færnisskerðing, hæfing, endurhæfing, sjúkdómssgreinandi rannsóknir.
49	Undirbúningur fyrir lokapróf.

**Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með til hækkunar.**

Námsmat	Lýsing	Vægi
<b>Skriflegt próf</b>	Annarpróf / lokapróf í desember.	70%
Skyndipróf	Próf á önninni	15%
Frammistaða á önn	Verkefnavinna (3-6 verkefni)	15%

20. ágúst 2014.

IBÓ  
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils